

Ár 2004, mánudaginn 11. október var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í kærumálinu nr. 2/2004:

**Grímur Þórisson  
gegn  
Golfsambandi Íslands  
vegna áhugamennskunefndar GSÍ**

Grímur Þórisson, kt. 090965-4259 sendi Golfsambandi Íslands bréf dags. 28 júlí 2004 þar sem hann “áfrýjar úrskurði áhugamennskunefndar GSÍ frá 6. júlí 2004”.

Fram kemur í bréfi Gríms, hér eftir nefndur kærandi, að ákvörðun áhugamennskunefndar GSÍ hafi verið birt honum 21. júlí 2004. Golfsamband Íslands sendi dómurum dómstóls GSÍ bréf kæranda 10. september 2004. Formaður dómsins ritaði kæranda bréf dags. 22. september 2004 og gaf honum kost á að koma að frekari gögnum eða rökstuðningi og barst svarbréf hans dags. 29. september 2004.

Samkvæmt 4. tl. 4. gr. laga um dómstóla Golfsambands Íslands skal einn dómarí fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulegu dómurum fari með málið. Dómsformaður, Hjörleifur B. Kvaran, hefur ákveðið að fara sjálfur með mál þetta.

Kærandi kærir ákvörðun áhugamennskunefndar GSÍ frá 6. júlí 2004. Dómari telur rétt að Golfsamband Íslands sé varnaraðili málsins en ekki bykir ástæða til að leita sérstaklega eftir sjónarmiðum sambandsins enda verður um lagarök fyrir ákvörðuninni litioð til rökstuðnings áhugamennskunefndarinnar.

Fyrir dóminum liggja eftirfarandi gögn:

1. Bréf áhugamennskunefndar til Gríms Þórissonar, dags. 9. október 2003.
2. Bréf Björgvins Þorsteinssonar, dags. 21. október 2003.
3. Ákvörðun áhugamennskunefndar GSÍ frá 5. nóvember 2003.
4. Ákvörðun áhugamennskunefndar GSÍ frá 6. júlí 2004.
5. Bréf Gríms Þórissonar, dags. 28. júlí 2004.
6. Bréf framkvæmdastjóra GSÍ til dómstóls GSÍ, dags. 10. september 2004.
7. Bréf dómsformanns til Gríms Þórissonar, dags. 22. september 2004.
8. Bréf Gríms Þórissonar til dómsformanns, dags. 29. september 2004.

Málavextir koma fram í gögnum málsins en þeir eru í stuttu máli eftirfarandi:

Kærandi tók þátt í Bylgjumóti í golfi sumarið 2003. Þátttakendur fengu tækifæri til þess að slá golfbolta inn í hring af tiltekinni stærð úr tiltekinni fjarlægð. Voru nöfn þeirra sem hittu inn í hringinn sett í pott og var eitt nafn dregið úr potti þessum í lok síðasta mótsins. Var nafn kæranda dregið úr pottinum og var honum afhent bifreið af gerðinni Nissan Primera í vinning. Móttaka kæranda á þessum verðlaunum var kærð til áhugamennskunefndar Golfsambands Íslands. Niðurstaða áhugamennskunefndarinnar var sú að með því að veita fyrrgreindri bifreið viðtöku hafi kærandi brotið gegn reglu 3-2 í reglum um áhugamannaréttindi en í reglu þessari segir að golfahugamaður megi ekki þiggja verðlaun eða ávisun á verðlaun að smásöluverðmæti umfram þau mörk sem sett eru í reglum og nema sem næst jafnvirði GBP 300. Vísar áhugamennskunefndin til þess að ákvæði um vinninga í golfmótum

A. Þórisson

séu í Reglum um Áhugamannaréttindi sem samþykktar eru af The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews og gildi frá 1. janúar 2000. Reglurnar séu prentaðar í regluhandbók sem gefin hefur verið út og dreift til allra kylfinga. Samkvæmt þeim reglum sem gilda frá 1. janúar 2004 er ofangreind fjárhæð samkvæmt reglu 3-2 nú 500 GBP. Málsástæður kæranda eru þær að hann hafi unnið bifreiðina á happdrætti.

Áhugamennskunefnd GSÍ ákvað 5. nóvember 2003 að kærandi hafi ekki lengur réttindi sem áhugamaður í golfi. Í ákvörðun nefndarinnar kemur ekki fram um kærurétt og kærufrest. Slikt veldur þó að mati dómsins ekki ógildi ákvörðunar. Kærandi kærði ekki þessa ákvörðun áhugamennskunefndarinnar. Hann óskaði endurupptöku málsins hjá áhugamennskunefndinni í júní 2004 og ákvað nefndin 6. júlí 2004 að fari kærandi eftir reglu 9-2 d í reglum um áhugamannaréttindi, þ.e. fari eftir reglum um áhugamann í golfi og taki ekki þátt í golfmótum sem áhugamaður í golfi að öðru leyti en því sem tilvitnuð grein heimilar skuli hann endurheimta áhugamannaréttindi sín að liðnum 3 árum frá því kæra barst nefndinni eða 8. október 2003. Þessari ákvörðun hefur kærandi skotið til dómstóls Golfsambands Íslands innan kærufrests samkvæmt lögum um dómstóla Golfsambands Íslands.

Af kæru kæranda til dómstóls GSÍ frá 28. júlí 2004 og bréfi hans til dómsformanns frá 29. september 2004 verður ráðið að hann krefjist aðallega að ákvörðun áhugamennskunefndarinnar verði felld úr gildi en til vara að tímalengd sviptingar áhugamannaréttinda samkvæmt ákvörðun áhugamennskunefndarinnar verði stytt.

Málsástæður kæranda eru aðallega þær að hann hafi unnið bifreiðina í happdrætti og vinningurinn hafi ekki tengst með nokkru móti golfleiknum og hæfni kæranda sem kylfings. Ennfremur að tímalengd sviptingar sé allt of löng og í engu samræmi við það sem almennt gerist vegna brota á íþróttareglum.

Niðurstaða dómstóls Golfsambands Íslands er eftirfarandi:

The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews hefur gefið út rit *DECISIONS on the RULES OF AMATEUR STATUS* en í riti þessu eru einstakar reglur um áhugamannaréttindi skýrðar. Um reglu 3-2a segir þar m.a:

**Raffle or Prize Draw Limited to Players in a Golf Event**

*If a raffle or prize draw is limited to the players in a golf event the playing of golf is a requirement of being allowed to enter it.*

*Therefore, the Rules of Amateur Status apply and a Amateur golfer must not accept a prize in such a raffle or draw of retail value in excess of the limit laid down in Rule 3-2a.*

Það er niðurstaða dómstóls GSÍ að úrdráttur sá sem fram fór og mál þetta fjallar um hafi verið hluti af golfleik enda eingöngu dregið úr nöfnum þeirra sem tóku jafnframt þátt í golfmóti. Það er niðurstaða dómstóls Golfsambands Íslands að kærani hafi brotið reglu 3-2a reglna um áhugamannaréttindi.

Þegar áhugamaður hefur verið sviptur áhugamannaréttindum er enginn umsækjandi, samkvæmt 9. reglu um áhugamannréttindi, hæfur til að endurheimta áhugamannaréttindin fyrr en hann hefur hegðað sér í samræmi við reglurnar í minnst eitt ár. Mælt er með því að biðtíminn sé lengdur í samræmi við hve brotið er alvarlegt, með biðtíma upp í fimm ár fyrir alvarlegustu brotin. Áhugamennskunefnd GSÍ hefur komist að þeirri niðurstöðu að brot kæranda sé alvarlegt og án fordæmis. Dómstóll Golfsambands Íslands telur brot kæranda alvarlegt enda andvirði bifreiðar


*AW 5/8*

þeirrar sem hann tók við margföld sú fjárhæð sem nefnd er í reglu 3-2a. Að þessu athuguðu er hin kærða niðurstaða áhugamennskunefndar GSÍ staðfest.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls GSÍ. Áfrýjunarfrestur er 5 dagar frá því að úrskurður dómstóls GSÍ var uppkveðinn. Almennir frídagur teljast ekki með. Þar sem úrskurður var kveðinn upp að kæranda fjarverandi og sendur honum í pósti telst áfrýjunarfrestur hefjast tveimur dögum eftir dagsetningu úrskurðar.

#### Úrskurðarorð.

Ákvörðun áhugamennskunefndar Golfsambands Íslands frá 6. júlí 2004 að fari Grímur Þórisson eftir reglu 9-2 d í reglum um áhugamannaréttindi, þ.e. fari eftir reglum um áhugamann í golfi og taki ekki þátt í golfmótum sem áhugamaður í golfi að öðru leyti en því sem tilvitnuð grein heimilar skuli hann endurheimta áhugamannaréttindi sín að liðnum 3 árum frá því kæra barst nefndinni eða 8. október 2003 er staðfest.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Þórir Þórisson".